

Að þekkja uppruna sinn

Leiðbeiningar um leit í prestþjónustubókum

- Íslendingabók; <https://islendingabok.is/>
 - Landmælingar Íslands: <https://lmi.is/>
 - Kortasjá; <https://kortasja.lmi.is/mapview/?application=kortasja>
 - Örnefnasjá; <https://atlas.lmi.is/mapview/?application=ORN>
 - Manntöl; <https://skjalasafn.is/>
 - Sóknarmannatöl; <https://skjalasafn.is/>
- Prestþjónustubækur;** <https://skjalasafn.is/>

Bendill  á myndum vísar til aðgerða eða gagna sem þarf að vinna með.

Í prestþjónustubækur eða ministerialbækur eru færðar upplýsingar um prestsverk, aðallega fæðingar og skírnir, fermingar, hjónavígslur og dauðsföll. Lengst af á 19. öld voru einnig skráðir þeir sem fluttu inn í viðkomandi sókn og þeir sem fluttu burt úr sókninni.¹ Þjóðskjalasafnið birtir eingöngu prestþjónustubækur sem eru eldri en 50 ára. Allir hafa aðgang að þessum vef.

Upplýsingar í sóknarmannatölum miðast við kirkjusóknir, ártöl og bæjarnöfn en flokkun upplýsinga í **prestþjónustubókum** er í þessari röð: fæðingar og skírnir, fermingar, hjónavígslur og dauðsföll og innfluttir og burtviknir, og er þá átt við þá sem flytja inn í sóknina eða úr henni. Innan hvers efnisflokks ráða ártöl.

Fyrsta skrefið er að kynna prestþjónustubækur fyrir nemendum, segja þeim hvaða upplýsingar þær geyma. Þessi gögn eru skannaðar frumbækur og því handskrifaðar, oftast með lykkjuskript. Nemendur eru ekki vanir að lesa slíkt letur, en vissulega geta þeir lært að lesa lykkjuskript án mikillar fyrirhafnar. Þessi gögn eru samtímaheimildir, skrifaðar upp af prestum. Rithönd þeirra er misjöfn auk þess sem letrið hefur sumstaðar dofnað.

Þjóðskjalasafnið hefur birt kort af Íslandi þar sem öll prestaköll eru afmörkuð og nefnist kortið *Vefsja kirkjubóka*. Þegar leitað er að einstaklingi í prestþjónustubók fer vel á því að fletta fyrst upp í



Íslendingabók til að fá fram upplýsingar um fæðingardag og dánardægur; foreldra, börn og systkini og hvar viðkomandi var til heimilis. Rétt er að nefna að það kemur fyrir að Íslendingabók og prestþjónustubókum ber ekki saman. Næsta skref er að skoða manntölin og síðar sóknarmannatöl. Með þær upplýsingar í farteskinu er kominn grundvöllur fyrir því að leita frekari upplýsinga í prestþjónustubók.

Í sýnidæmi þessara leiðbeininga er leitað að Herdísí Eggertsdóttur, fædd 20. október 1885. Hún átti heima í Staðarprestakalli í Húnavatnssýslu og flutti til Kanada árið 1901.

¹ Mannlíf í skjölum. Prestþjónustubækur. Slóð: https://www.skjaladagur.is/2007/001_028.html Sótt 9. Janúar 2021. Norræni skjaladagurinn 10. nóvember 2007.

Rósa Eggertsdóttir. (2021). Að þekkja uppruna sinn. Leiðbeiningar um leit í prestþjónustubókum. Skólabræðir: Tímarit Samtaka áhugafólks um skólaþróun.

Opnaðu vef Þjóðskjalasafns Íslands (<https://skjalasafn.is>). Smelltu á Vefsjá kirkjubóka.



Íslandskortinu er skipt í prestaköll. Ef þysjað er að (kortið stækkað), birtast heiti prestakallanna. Ef leitandi þekkir ekki vel til staða á landinu er hægt að staðsetja bæi á vef Landmælinga Íslands (<https://lmi.is>). **Smelltu á svæði sem afmarkar prestakallið** til að finna prestþjónustubækur.



Upplýsingar

Staður í Hrútafirði (-1885)

Hólabiskupsdæmi-Húnavatnsprófastsdæmi

Í Staðarprestakalli var Staðarhreppur í Húnavatnssýslu, eða Hrútafjörður að austan, að og með Tannstöðum, og innstu bæir í Bæjarhreppi í Strandasýslu, Valdasteinsstaðir ystir. Staðarprestakall var sameinað Prestsbakkaprestakalli vegna ákveðins prests árin 1849-1867. Prestar, sem fengu veitingu fyrir Stað eftir það, fóru þaðan að Prestsbakka (síðast árið 1881) og þjónuðu stundum báðum köllunum. *Staðarkall var formlega lagt niður árið 1885 og sameinað Prestsbakkakalli.* Raunar bjó Prestsbakkaprestur á Stað í Hrútafirði á árunum 1904-1920. Við aftöku Prestsbakkakalls við árslok 2003 fór Staðarsókn undir Melsstaðarkall. Sókn: Staður (-1849, 1867-1870, 1877-1881).

Heimild: Björk Ingmundardóttir. Prestaköll og sóknir á Íslandi.

Herdís fæddist 1885 í Staðarsókn. Við byrjum á að leita í Sóknarmannatali frá því fæðingarári. Það kemur reyndar í ljós að prestar í Prestsbakkaprestakalli þjónuðu *Staðarprestakalli* frá árinu 1882 en það var formlega lagt niður árið 1885, á fæðingarári Herdísar. Við höfum því ekki not af þessum skráum en skoðum skrár yfir kirkjubækur í Prestsbakkaprestakalli.

Bókalisti

Prestþjónustubækur

Staður í Hrútafirði - Prestþjónustubók 1753-1786

Prestþjónustubók 1753-1786. (Vantar líklega aftan af)

Staður í Hrútafirði - Prestþjónustubók 1785-1818

Prestþjónustubók 1785-1818. (Brot. Mjög óskipuleg í uppsetningu)

Staður í Hrútafirði - Prestþjónustubók 1807-1845

Prestsverkabók séra Gunnlaugs Gunnlaugssonar 1807-1845. (Á við Stað 1830-1845)

Staður í Hrútafirði - Prestþjónustubók 1816-1864

Prestþjónustubók 1816-1864. Manntal 1816


Staður í Hrútafirði - Prestþjónustubók 1816-1866

Prestþjónustubók 1816-1866. Manntal 1816 (brot). (Vantar framan af)

Staður í Hrútafirði - Prestþjónustubók 1865-1899 

Prestþjónustubók 1865-1899 og 1872-1880

Til að opna kirkjubækur Prestsbakka-prestakalls þarf að fara á Íslandskortið. Það er hægt með því að loka kirkjubók Staðarprestakalls í efstu skipanalínunni og loka svo listanum yfir kirkjubækurnar. Þá opnast Íslandskortið aftur. Einnig er hægt að opna aftur **vefsjá kirkjubóka**, þysja aftur kortið og finna Prestsbakkaprestakallið á kortinu og **smella á það svæði**. Þá birtist fróðleikur um prestakallið og í kjölfarið bókalisti.



Prestsbakki í Hrótafirði (-2003) Skálholtsbiskupsdæmi-Strandaprófastsdæmi

Prestsbakkaprestakall náði (1801) yfir Bitru (hluta Broddaneshrepps, síðar Fellshrepp), frá og með Skriðnesenni, og meginhluta Bæjarhrepps eða að og með Borðeyri. Staðarprestakall í Hrótafirði var sameinað Prestsbakkakalli árin 1849-1867 en formlega árið 1885. Eftir það voru allur Bæjarhreppur og Staðarhreppur í Hrótafirði í Prestsbakkakalli. Óspakseyrarsókn (Fellshreppur frá árinu 1886) var lögð til Tröllatunguprestakalls frá Prestsbakkakalli árið 1886 nema bæirnir Guðlaugsvík, Kolbeinsá, Miðhús, Heydalur og Skálholtsvík sem fóru í Prestsbakkasókn. Óspakseyrarsókn kom aftur í Prestsbakkakall árið 1951. Prestsbakkakalli var skipt milli Melstaðarprestakalls (Prestsbakka- og Staðarsóknir) og Hólmavíkurprestakalls (Óspakseyrarsókn) í ársbyrjun 2004.

Sóknir: Prestsbakki (-2003), Óspakseyri (-1886, 1951-2003), Staður í Hrótafirði 1849-1867, 1870-1877, 1881-2003).²

² Á síðu Þjóðskjalafnsins er vísað til Bjarkar Ingimundardóttur: Prestaköll og sóknir á Íslandi.

Sem fyrr segir erum við að leita að árinu 1885 og árum þar á eftir. Það færi vel á því að fylgjast með Herdísi Eggertsdóttur þau ár sem hún bjó á landinu, áður hún lagði upp í ferðina til Kanada 1901. **Smelltu á línuna yfir prestþjónustu-bók fyrir árin 1865–1899.**

Staðarprestakall

Staður í Hrútafirði - Prestþjónustubók 1807-1845

Prestsverkabók séra Gunnlaugs Gunnlaugssonar 1807-1845. (Á við Stað 1830-1845)

Staður í Hrútafirði - Prestþjónustubók 1816-1864

Prestþjónustubók 1816-1864. Manntal 1816

Staður í Hrútafirði - Prestþjónustubók 1816-1866

Prestþjónustubók 1816-1866. Manntal 1816 (brot). (Vantar framan af)


Staður í Hrútafirði - Prestþjónustubók 1865-1899

Prestþjónustubók 1865-1899




Hér má sjá kápu af prestþjónustubókinni í fyrir árin 1865-1899. Örvar eru til hliðar við hverja opnu. Þær eru til að fletta síðum fram eða aftur. Í vinstra horni efst á skjánum er númer fyrir hverja opnu. Sumar bækur hafa blaðsíðutöl. Nú er komið að því að fletta frá opnu til opnu.


Prestþjónustubók 1865–1899.




Að lesa og fletta prestþjónustubókum. Á opnu 4 er efnisyfirlit. Það hefði komið sér vel við leitina um hagi Herdísar Eggertsdóttur, nema hvað þessi blaðsíðutöl ríma ekki við þau sem tölvuskjárninn sýnir.



Letrið í prestþjónustubókum getur verið ógreinilegt. Það er hægt stækka það með því að **smella á annan hvorn þessara hnappa. Þá má draga til blaðsíðuna með bendlinum.**

Annað sem þarf að hafa í huga er að iðulega sjást ekki færslur sem eru skrifaðar neðst á síður. Í hægra horni neðst er þetta merki:  Ef þú **smellir á það** sérðu bæði efst og neðst á blaðsíður.

Loks er bent á strenginn sem er neðst á skjánum en það eru minnkaðar myndir af síðum prestþjónustubóka. Þegar þarf að fletta mörgum síðum, er ráð að setja bendilinn á þennan **streng lengst til hægri og smella**. Við það er flett fimm opnum í einu. Einnig má draga strenginn til og fletta þannig enn fleiri opnum í einu, bæði fram og aftur.

Hér þarf að leita að skráningu um fæðingu Herdísar 1885. Skrá um fæðingar er fyrsti kaflinn í bókinni. Vinstra megin eru skráðir sveinar eða piltar og hægra megin meyjar eða stúlkur. Ennfremur getur staðið einungis *karlkyns* og *kvenkyns*. **Fletta þarf að árinu 1885**. Við fyrstu sýn virðist fæðing hennar ekki skráð en það kemur í ljós að nafn hennar er neðst á síðunni og sést ekki nema síðan sé stækkuð svo hún sjáist öll. **Smelltu á þetta**  merki.

Árið 1885. Prestþjónustubók Staðarkalls *Fæddar* (meyjar), opna nr. 29. Þessi skráning er neðst á síðu.



Næst er að huga að fermingu Herdísar. Ætla má að hún hafi fermst 13 – 15 ára. **Þú skoðar því skráningar fyrir árin 1898, 1899 og 1900.**

Árið 1900. Prestþjónustubók Prestsbakkaprestakalls 1899-1937. Fermdar (meyjar), opna nr. 71.



Næst er að skoða skrá (númer opnu 51) yfir „burtvikna“, þ.e. það fólk sem flutti úr sókninni. Herdísar er ekki getið þar.

Það með lýkur leit að aðstæðum Herdísar Eggertsdóttur.

Árið 1901. Prestþjónustubók Prestsbakka 1899-1937, opna nr. 116–117.